

ÁKVÖRDUN nr. H8

2019/EES/58/22

frá 17. desember 2015 (uppfærð með minni háttar tæknilegum útskýringum 9. mars 2016)

um starf og samsetningu tækninefndar um gagnavinnslu á vegum framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa

2016/C 263/04 (*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið stuðla að og efla samvinnu milli aðildarríkjanna með því að færa aðferðir við upplýsingaskipti til nútímahorfs, einkum með því að laga upplýsingaflæði milli stofnana að rafrænum gagnaflutningi með hliðsjón af þróun gagnavinnslu í hverju aðildarríki, og samþykka sameiginlegar reglur um skipulag gagnavinnsluþjónustu, einkum um öryggi og notkun staðla, og skal setja ákvæði um rekstur sameiginlegs hluta slíkrar þjónustu,

með hliðsjón af 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið fastsetja og skilgreina starf og samsetningu tækninefndar um gagnavinnslu sem skal skila skýrslum og rökstuddu álitum áður en framkvæmdaráðið tekur ákvarðanir í samræmi við d-lið 72. gr.,

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Framkvæmdaráðið kemur á fót tækninefnd um gagnavinnslu sem kveðið er á um í 1. mgr. 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004. Hún skal nefnd „tækninefndin“.
2. Tækninefndin sinnir þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.
3. Framkvæmdaráðið skal ákvarða umboð með tilliti til sérverkefna tækninefndarinnar og getur það breytt þessum verkefnum eftir þörfum.

2. gr.

1. Tækninefndin skal skipuð tveimur aðilum frá hverju aðildarríki, þ.e. fastafulltrúa og varamanni hans.
2. Ríkisstjórnarfulltrúi hvers aðildarríkis í framkvæmdaráðinu skal afhenda aðalskrifstofu framkvæmdaráðsins tilnefningar frá aðildarríkinu.
3. Nefndarmönnum er heimilt að hafa einn eða fleiri sérfræðinga með sér á fundi tækninefndarinnar ef slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt.
4. Sú almenna regla gildir að í hverri sendinefnd séu ekki fleiri en fjórir einstaklingar.
5. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í framkvæmdaráðinu, eða aðili sem hann tilnefnir, skal veita tækninefndinni ráðgjöf.
6. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, varamaður hans eða annar aðili sem aðalskrifstofa framkvæmdaráðsins tilnefnir, getur setið alla fundi tækninefndarinnar og sérskipaðra vinnuhópa hennar. Enn fremur er fulltrúa, einum eða fleiri, frá viðeigandi deildum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins heimilt að sitja þessa fundi ef það hefur þýðingu fyrir málið sem er til umfjöllunar.
7. Aðili frá aðalskrifstofu framkvæmdaráðsins skal sitja alla fundi tækninefndarinnar og sérskipaðra vinnuhópa hennar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB C 263, 20.7.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjórnartíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

3. gr.

1. Með formennsku í tækninefndinni til hálfes árs í senn fer annaðhvort fastafulltrúi eða annar tilnefndur embættismaður þess ríkis sem fer með formennsku í framkvæmdaráðinu á sama tímabili.
2. Ef starfandi formaður kemst ekki á fund tækninefndarinnar skal varamaður hans gegna formannsstarfinu.
3. Formanni tækninefndarinnar er heimilt að gefa aðalskrifstofunni fyriræli varðandi fyrirhugaða fundi og framkvæmd starfa sem falla undir starfssvið tækninefndarinnar.

4. gr.

Aðalskrifstofan kallar tækninefndina saman í samráði við formann nefndarinnar með því að senda nefndarmönnum og fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fundarboð eigi síðar en 10 virkum dögum fyrir fundinn.

5. gr.

Ef þörf krefur skal tækninefndin samþykkja skýrslur sínar og rökstudd álit á grundvelli tækniskjala og rannsókna. Hún getur farið fram á það að innlend yfirvöld láti henni í té nauðsynlegar upplýsingar svo að hún geti unnið verkefni sín á viðeigandi hátt.

6. gr.

1. Tækninefndin getur komið á fót sérskipuðum vinnuhópum með takmörkuðum fjölda einstaklinga til að fjalla um sértæk málefni og leggja tillögur fyrir tækninefndina.

Tækninefndin skal lýsa í skriflegu umboði fyrirhuguðum verkefnum slíkra vinnuhópa og gera grein fyrir tímamörkum til að ljúka þessum verkefnum.

2. Sérskipuðum vinnuhópum skal stýrt af einstaklingi sem formaður tækninefndarinnar tilnefnir í samráði við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða, að öðrum kosti, af sérfræðingi sem er fulltrúi formennskuríkis framkvæmdaráðsins.
3. Formaður sérskipaðs vinnuhóps skal kallaður á fund tækninefndarinnar þegar skýrsla vinnuhópsins er til umræðu.

7. gr.

Tilnefndur aðili frá aðalskrifstofu framkvæmdaráðsins skal undirbúa og skipuleggja fundi tækninefndarinnar.

8. gr.

1. Samþykkja skal skýrslur og rökstudd álit með einföldum meirihluta allra nefndarmanna tækninefndarinnar og hefur hvert aðildarríki eitt atkvæði sem fastafulltrúi greiðir eða varamaður hans í fjarveru hans. Tilgreina skal í skýrslum og rökstuddum álitum tækninefndarinnar hvort þau hafi verið samþykkt samhljóða eða með einföldum meirihluta. Í þeim skal tífunda niðurstöður og fyrirvara minnihlutans sem kann að hafa myndast.
2. Ef fastafulltrúi í tækninefndinni gegnir stöðu formanns greiðir varamaður hans atkvæði í hans stað.
3. Formaður skal bjóða nefndarmanni, sem situr hjá við atkvæðagreiðslu, að gera grein fyrir ástæðum hjásetu sinnar.
4. Ef meirihluti viðstaddra nefndarmanna situr hjá skal líta svo á að tillagan, sem var lögð fram til atkvæðagreiðslu, hafi ekki verið tekin til greina.
5. Tækninefndin getur ákveðið að samþykkja skýrslur og rökstudd álit með því að beita skriflegri málsmeðferð ef slík meðferð hefur áður verið samþykkt á fundi hennar.

Í þessu skyni skal formaður framsenda textann, sem á að samþykkja, til nefndarmanna. Nefndarmenn skulu fá tiltekinn frest, eigi skemmri en 10 virka daga, og eiga þess kost, innan þeirra tímamarka, að tilkynna að þeir hafni viðkomandi texta eða sitji hjá við atkvæðagreiðslu. Ef svar berst ekki innan þeirra tímamarka skal líta svo á að greitt sé atkvæði til samþykkis.

Formaður getur einnig ákveðið að hefja skriflega málsmeðferð þótt það hafi ekki verið samþykkt á fundi tækninefndarinnar. Í því tilviki telst aðeins skriflegt samþykki á framlögðum texta gilt sem atkvæði til samþykkis, og veita skal frest sem er eigi skemmri en 15 virkir dagar.

Að settum fresti liðnum skal formaður upplýsa nefndarmenn um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Þegar ákvörðun hefur hlotið tilskilinn fjölda atkvæða skal litið svo á að hún hafi verið samþykkt á síðasta degi þess frests sem nefndarmönnum var veittur til að svara.

6. Ef fulltrúi í tækninefndinni leggur til að textanum verði breytt meðan á skriflegri málsmeðferð stendur skal formaður hennar annaðhvort:

- a) hefja skriflegu málsmeðferðina að nýju með því að senda breytingartillögu til nefndarmanna í samræmi við 5. mgr. eða
- b) afturkalla skriflegu málsmeðferðina til þess að fá málið rætt á næsta fundi,

eftir því hvora tilhögunina formaður telur heppilegri hverju sinni.

7. Ef fulltrúi í tækninefndinni fer fram á það, áður en frestur til að svara rennur út, að framlagður texti verði ræddur á fundi tækninefndarinnar skal afturkalla skriflegu málsmeðferðina.

Í því tilviki skal leggja málið fyrir næsta fund tækninefndarinnar.

9. gr.

1. Aðalskrifstofan skal gera drög að dagskrá hvers fundar tækninefndarinnar í samráði við formann hennar.

Áður en mál er tekið á dagskrá er aðalskrifstofunni heimilt, ef nauðsyn krefur, að óska eftir skriflegu álitni hlutaðeigandi sendinefnda á málinu.

Í drög að dagskrá skal fyrst og fremst setja dagskrárlíði sem nefndarmaður eða fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefur sent óskir um.

2. Senda skal nefndarmönnum í tækninefndinni og þeim einstaklingum, sem getið er í 6. mgr. 2. gr. hér að framan, drög að dagskrá eigi síðar en 15 virkum dögum fyrir upphaf hvers fundar. Heimilt er að senda endurskoðaða útgáfu dagskrárinnar 5 virkum dögum fyrir fundinn.

Skjöl er varða dagskrárlíði sem krefjast ákvarðana eða álitsgerða á viðkomandi fundi skulu liggja fyrir að jafnaði eigi síðar en 10 virkum dögum fyrir fundinn. Þetta á ekki við um skjöl með almennum upplýsingum sem ekki þarf að samþykkja, sérstakar aðstæður eða önnur tilvik sem tækninefndin getur samþykkt skv. 14. gr. hér á eftir.

3. Við upphaf hvers fundar skal tækninefndin samþykkja dagskrá fundarins.

Tækninefndin verður að samþykkja það samhljóða ef teknir eru á dagskrá aðrir liðir en þeir sem birtir eru í drögum að dagskrá.

10. gr.

1. Aðalskrifstofa framkvæmdaráðsins sér um fundarritun á fundum tækninefndarinnar. Tækninefndin samþykkir fundargerðirnar.

2. Sendinefndir fá enska útgáfu fundargerðar til skoðunar eigi síðar en einum mánuði fyrir næsta fund tækninefndarinnar.

Útgáfur fundargerðar á mismunandi tungumálum verða gerðar aðgengilegar eins fljótt og unnt er eftir að allar samþykktar breytingar hafa verið felldar inn í ensku útgáfuna.

3. Nefndarmenn sem hafa ekki fengið fundargerð á sínu eigin tungumáli mega fresta endanlegu samþykki sínu þar til þeim hefur borist fundargerð á því tungumáli.

11. gr.

1. Tækninefndin skal skila framkvæmdaráðinu skriflegri skýrslu um störf sín og árangur eftir hvern fund nefndarinnar.

2. Formaður tækninefndarinnar skal gefa skýrslu um störf nefndarinnar á fundum framkvæmdaráðsins, fari formaður framkvæmdaráðsins fram á það.

12. gr.

Fyrirhugaðar aðgerðir tækninefndarinnar, sem hafa í för með sér kostnað fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eru háðar samþykki fulltrúa viðkomandi stofnunar.

13. gr.

Skýrslur, rökstudd álit, dagskrár og önnur skjöl sem styðja við starf tækninefndarinnar verða gerð á ensku.

14. gr.

Að því marki sem nauðsynlegt er getur tækninefndin komið sér saman um, með einróma ákvörðun, að tilgreina og útfæra nánar núverandi starfsreglur.

15. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún gildir frá birtingardegi.

16. gr.

Ákvörðun þessi kemur í stað ákvörðunar nr. H2 frá 12. júní 2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Claude EWEN
